



## 37. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS 8 MARS 2019

### *FUNDARGERÐ (DRÖG)*

**Fundartími:** Fimmtudagurinn 20 júní 2019, kl. 13:20-15:00

**Fundarstaður:** Norræna húsið

**Fundarmenn Vísinda- og tækniráðs:** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfredsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, atvinnu- og nýsköpunarráðherra, Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Ragnheiður Magnúsdóttir, Jón Atli Benediktsson, Steinunn Gestsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Eyrún Valsdóttir, Halldór Björnsson, Sæmundur Sveinsson, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Hilmar Bragi Janusson, Eyjólfur Ingi Ásgeirsson (varamaður Jóns Gunnars Bernburg), Erla Björk Örnólfsdóttir, Margrét Helga Ögmundsdóttir, Róbert Farestveit, Daði Már Kristófersson (varamaður Ragnhildar Helgadóttur)

**Að auki sátu fundinn:** Elísabet M. Andrésdóttir (ritaði fundargerð), Steinunn Halldórsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti) Sigrún Ólafsdóttir (forsætisráðuneyti), Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti), Ásthildur Knútsdóttir (heilbrigðisráðuneyti) Sigríður Valgeirsdóttir (atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti), Bergþóra Benediktsdóttir (forsætisráðuneyti) Smári McCarthy, Hallgrímur Jónasson (Rannís) Gestir fundarins voru Þórlindur Kjartansson og Guðmundur Hafsteinsson.

Eftirfarandi gögnum var dreift í upphafi fundar:

- Yfirlit yfir skiptingu í starfsnefndir ráðsins
- Úttekt á framlögum til rannsókna og nýsköpunar
- Stefna vísinda- og tækniráðs 2020-2022, uppfærð verkáætlun
- Minnisblað um Markáætlun um samfélagslegar áherslur

#### 1. Setning fundar – drög að dagskrá, fundargerð samþykkt.

Formaður vísaði til fundargagns nr. 1 varðandi nýja skiptingu í starfsnefndir ráðsins.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

#### 2. Úttekt á dreifingu opinbers fjármagns til rannsókna, þróunar og nýsköpunar eftir landshlutum

Daði Már Kristófersson fór yfir úttekt sem hann gerði á framlagi til rannsókna- og nýsköpunar eftir landshlutum á tímabilinu 2014-2018 í samræmi við ákvörðun síðasta fundar ráðsins. Í stórum dráttum var niðurstaða úttektarinnar sú að stór hluti fjármagns til rannsókna, nýsköpunar og þróunar rennur til höfuðborgarsvæðisins, Vestur- og Norðurvestralands. Hann benti jafnframt á að það væri ákveðin bjögun í gögnunum þar sem það er ekki endilega samhengi milli skráðrar staðsetningar ábyrgðaraðila og þess sem fær fjármagnið, stærri aðilar með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að leiða verkefni þó svo að þátttaka sé víðar að af landinu, og starfsemi fyrirtækja þeirra sé um allt land. Fleiri atriði mætti týna til en til þess að fá skýrari niðurstöðu væri áhugavert að gera úrtakskönnun til að skoða raunverulega dreifingu fjármagnsins.

Í umræðu í framhaldi komu fram áhyggjur manna af þessari takmörkuðu dreifingu en jafnframt var lögð áhersla á að til þess að vera samkeppnishæf þurfum við að byggja upp stórar einingar og tryggja aðgengi að æðri menntun. Markmiðið er að tryggja að vísindi, rannsóknir og nýsköpun gagnist þjóðinni allri. Formaður ráðsins nefndi í lok umræðna að hún myndi sjá til þess að gerð yrði frekari rannsókn til að leiðrétta þá bjögun sem Daði Már nefndi.

### 3. Stefna ráðsins 2017-2019. Staða aðgerð

Farið var yfir stöðu aðgerða í stefnu ráðsins á vefsvæði þess fyrir tímabilið 2017-2019.

### 4. Undirbúningur að nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs – Áherslur stjórnmalanna

Dreift var drögum að verkefnisáætlun um gerð stefnu ráðsins 2020-2022. Formaður ráðsins vísaði í drögin sem ramma utan um verklagið en kallaði eftir sýn ráðsmanna. Sjálf vill formaður endurskoða lagarammann utan um þennan málaflokk, lyfta honum upp og gefa honum aukin forgang í öllum ráðuneytum. Hún sagði ástæðu til að nýta þá reynslu sem við höfum haft af lögunum um ráðið sem hafa verið óbreytt frá árinu 2003. Það er þörf að að horfa til vísinda og nýsköpunar á breiðari grunni í stjórnkerfinu. Hún nefndi jafnframt að það er mikilvægt að nýta þau gögn og úttektarskýrslur sem hafa verið gerð á undanförunum árum til að undirbyggja nýja stefnu, nú þegar hafa samfélagslegar áherslur verið skilgreindar, unnin hefur verið skýrsla um fjórðu iðnbyltinguna o.fl.

Í umræðum komu fram ýmis atriði sem huga þarf að varðandi nýja stefnu. Áhersla þarf að vera á að rannsóknir auki velsæld og hagsæld þjóðarinnar og huga þarf að því að tæknibreytingarnar framundan nýtist samfélaginu öllu, huga að því að þær hafi ekki ójöfnuð í för með sér og að brúa bil á milli þekkingar sem verður til í háskólasamfélaginu og stefnumótenda. Skoða þarf samspil atvinnulífs og skóla og grunnfærni nemenda á yngri skólastigum svo sem í lestri og stærðfræði. Alþjóðlegt samstarf er mikilvægur þáttur og sér í lagi samstarf við nágrannaþjóðir okkar varðandi nýjar lausnir, aðferðir, mat á nýrri tækni og aðferðum sérstaklega á sviði heilbrigðistækni og auka þarf stuðning við öflun fagþekkingar erlendis frá. Minnt var á skapandi greinar og framlags þeirra til samfélagsins, en um þær vanti hagtölur. Rætt var um þverfræðileika og sér- íslenskra viðfangsefni og forgangsröðun þeirra, huga þurfi að útteilingu fjármagns og tengingu þess við árangur, skoða búsetubreytuna, loftslagsmál, fátækt og félagslega gliðnun. Mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks þurfi að haldast í hendur við nýjustu vendingar á sviðinu, en gögn og greiningar á því sviði eru veikleiki í kerfinu. Nýsköpun í opinberri þjónustu og mikilvægt er að huga að siðferðilegum viðmiðum og mennsku. Efla umhverfi vísinda og nýsköpunar og í ljósi þess hve lítið íslenskt samfélag þarf að huga að samlegð og hvötum. Jafnframt er mikilvægt að vera hluti af þeim sem drífa áfram tæknibyltinguna til að verða ekki eftirbátar annarra landa. Mikilvægt sé að ráðuneyti sjái stefnu ráðsins sem tækifæri og nýti hana. Gögn eins og upplýsingar um dreifingu skattafsláttar til fyrirtækja ætti að nýta í stefnumótuninni. Einnig var nefnt að auka þyrfti sýnileika ráðsins.

### 5. Áherslur ráðsins til stjórnar Markáætlunar

Fyrirliggjandi minnisblað um Markáætlun um samfélagslegar áherslur var samþykkt samhljóða.

### 6. Fréttir af nýsköpunarstefnu

Þórlindur Kjartansson og Guðmundur Hafsteinsson kynntu stöðu mála varðandi nýsköpunarstefnu sem er í mótun.

### 7. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

### 8. Fundi slitið

Fundi slitið kl. 14:59.